



Ásdís Abc liði með strák af heimavistinni að elda baunir



Drengir á heimavistinni að borða

Við ABC liðar á vorönn 2011 fórum í vettvangsferð til Kenýa þann 29.3.-19.4.2011. Við komum færandi hendi í ABC heimavistina í Kenýa. Héldum bingó hér heima og fengum styrki frá fyrirtækjum. Alls söfnuðum við ca. kr. 700.000.- sem fæst meira fyrir í Kenýa en á Íslandi. Einnig vorum við með mikið af gjöfum m.a. boli frá Borgarleikhúsinu, skólatöskur frá N1, föt úr Nytjamarkaði ABC, föt frá vinum og vandamönnum ofl. Fyrir peninginn voru m.a. keyptar baunir og maís fyrir næstu 5 mánuðina, vatnstunnur fyrir drykkjarvatn til að hafa á heimavistinni, ca. 80 pör af skóm, 10 börn tekin inn á heimavistina ofl. Þessar gjafir eru meiri lyftistöng fyrir starfið hjá ABC en við gerðum okkur grein fyrir í upphafi.

Í Nariobi unnum við með starfsfólki ABC heimavistarinnar, fórum í fátækrahverfin til að skrá niður upplýsingar hjá fjölskyldum sem hafa ekki efni á að senda börnin sín í skóla. Það var átakanlegt að koma inn á heimilin í fátækrahverfunum. Upplifa vonleysið og eymdina, ekki til peningur fyrir mat né öðrum nauðsynjum. Það er því mikil hjálp fyrir þær fjölskyldur sem fá Abc stuðningsaðila til að koma börnunum sínum í skóla. Stuðningsaðilinn greiðir þá skólagjöld, skólabúning (í Kenýa er skylda að vera í skólabúning), eina máltíð á dag, skólabækur og lækniþjónustu. Við heimsóttum líka börn sem eru í ABC prógramminu og búa hjá sínum nánustu. Það var greinilegur munur á þeim heimilum samanborið við þau heimili þar sem börnin voru ekki í skóla.

Heimavistin sem ABC rekur er ótrúleg, þar búa 160-170 börn og allt gengur smurt fyrir sig. Börnin sem eru á heimavistinni koma úr mjög erfiðum aðstæðum, þau búa við mun betri aðstæður heldur en þau koma úr. Þau hafa öll sér rúm, fá nægan mat, þvo þvottinn sinn sjálf, hjálpa til við þrif ofl. Börnin sofa í kojum og sefur einn starfsmaður inni í hverju herbergi. Fjöldinn í hverju herbergi fer eftir því hve mörgum rúnum er hægt að koma fyrir, t.d. er 31 barn í herbergi yngstu barnanna. Á lóðinni eru tvær byggingar, í annari byggingunni er skóli fyrir yngri börnin í hinni byggingunni er grunnskóli á neðri hæðinni og ABC leigir tvær efri hæðirnar fyrir heimavistina. ABC rekur eingöngu heimavistina en skólinn er einkarekinn og eru 90% barnanna í honum úr ABC prógramminu. Lóðin er afgirt og er öryggisvörður alltaf við hliðið inn á lóðina þar sem heimavistin er til að tryggja öryggi barnanna og starfsfólks. Skólastarfið í Kenýa er þrjár annir, þrjú mánuðir í senn og mánaðar frí á milli. Þegar frí er í skólanum er rekið mikið klúbbastarf á heimavistinni s.s. leiklist, söngur, biblíulestur, föndur ofl. fyrir þau börn sem þar búa. Í þessu starfi fengum við að taka þátt sem var mjög skemmtilegt, sjá hve mikla örvun þessi börn fá sem eru búin að ganga í gegnum mikla erfiðleika. Reynt er að fremsta megni að láta börnin halda sambandi við sína nánustu og fara því þau börn sem hafa aðstöðu til í heimsókn til síns heima í mánaðarfríinu.

Þessi ferð okkar er ómetanleg lífsreynsla sem erfitt er að lýsa.

Fyrir hönd ABC liða  
Margrét Þórhallsdóttir